

Árshlutareikningur Byggðastofnunar janúar – júní 2010

Árshlutareikningur Byggðastofnunar fyrir tímabilið janúar til júní 2010, var staðfestur af stjórn stofnunarinnar 30. ágúst 2010.

Tap tímabilsins nam 992 mkr. Samkvæmt árshlutareikningnum er eigið fé stofnunarinnar 1.138 mkr.

Helstu niðurstöður úr árshlutareikningi Byggðastofnunar fyrir tímabilið janúar til júní 2010

- Tap stofnunarinnar á tímabilinu nam 992 mkr.
- Hreinar vaxtatekjur voru 259,2 mkr. eða 35,6% af vaxtatekjum, samanborið við 425,6 mkr. (41,8% af vaxtatekjum) hreinar vaxtatekjur á sama tímabili 2009.
- Rekstrartekjur námu 97,8 mkr.
- Almenn rekstrargjöld námu 246,4 mkr.
- Framlög í afskriftarreikning útlána, og matsbreyting hlutfjár nam 1.102 mkr.
- Eignir námu 19.458 mkr. og hafa lækkað um 4.257 mkr. frá áramótum. Þar af voru útlán og fullnustueignir 16.299 mkr.
- Skuldir námu 18.319 mkr. og hafa lækkað um 4.265 mkr. frá áramótum.
- Veittar ábyrgðir utan efnahagsreiknings námu 374,5 mkr.
- Eiginfjárlutfall skv. lögum um fjármálafyrirtæki er 5,18% en skal að lágmarki vera 8%

Um árshlutareikninginn

Tap tímabilsins skýrist fyrst og fremst af 1.053 mkr. framlagi í afskriftarreikning útlána til að mæta fyrirsjáanlegum útlánatöpum og 118 mkr. gengistapi.

Hreinar vaxtatekjur stofnunarinnar námu 259,2 mkr. eða 35,6% af vaxtatekjum og hafa lækkað lítillega í hlutfalli við heildar vaxtatekjur.

Nýjar lánveitingar drógust saman á tímabilinu og námu 220 mkr. samanborið við 652 mkr. á sama tímabili 2009.

Skuldir lækkuðu um 4.265 mkr. á tímabilinu. Skýrist það af greiðslu á skuldabréfaútgáfu stofnunarinnar frá 1998 (BYG98) sem var á gjalddaga í júní. Einnig hefur styrking krónunnar lækkað erlendar skuldir.

Ríkissjóður greiddi Byggðastofnun eiginfjárframlag upp á 3.600 mkr. á tímabilinu sem samþykkt var á Alþingi í Fjárukalögum 2009 og Fjárlögum 2010. Eiginfjárframlagið var greitt í formi ríkisskuldabréfaflokksins RIKH18. Var eiginfjárframlagið að hluta nýtt til greiðslu á ofangreindri skuldabréfaútgáfu.

Ekki hafa verið tekin ný lán eða gefin út ný skuldabréf á tímabilinu. Stofnunin hefur 1.958 mkr. í handbært fé og ríkisskuldabréfum til að standa við skuldbindingar sínar.

Horfur

Í lok tímabilsins stóðst stofnunin ekki eiginfjárkröfur sem gerðar eru til fjármálafyrirtækja. Það leiðir til þess að ríkissjóður verður sem eigandi stofnunarinnar að taka til þess afstöðu á síðari hluta ársins hvort halda beri starfsemi áfram í óbreyttri mynd, og þar með nýju eigin fé.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri Byggðastofnunar í síma 455 5400 eða á netfanginu adalsteinn@byggdastofnun.is

Lykiltölur úr árshlutareikningi

	30.6.2010	31.12.2009	30.6.2009	31.12.2008	30.6.2008	31.12.2007
	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.
Rekstrarreikningur						
Vaxtatekjur	727.192	1.979.323	1.018.099	1.972.204	880.210	975.872
Vaxtagjöld	467.972	1.294.718	592.527	1.512.583	672.771	754.293
Hreinar vaxtatekjur	<u>259.220</u>	<u>684.605</u>	<u>425.572</u>	<u>459.621</u>	<u>207.439</u>	<u>221.579</u>
Rekstrartekjur	97.841	509.256	310.189	1.230.450	531.074	376.289
Hreinar rekstrartekjur	<u>357.061</u>	<u>1.193.861</u>	<u>735.761</u>	<u>1.690.071</u>	<u>738.513</u>	<u>597.868</u>
Rekstrargjöld	1.348.717	4.208.477	2.399.054	2.218.055	729.745	777.239
Hagnaður (-tap)	-991.656	-3.014.616	-1.663.293	-527.984	8.768	-179.371
Með rekstrargjöldum eru færð framlög í afskriftareikning útlána og matsbreyting hlutabréfa	1.102.353	3.720.936	2.161.483	1.660.399	517.178	360.873
Efnahagsreikningur						
Eignir						
Sjóður og kröfur á lánastofnanir	1.958.425	2.167.413	2.729.364	2.472.498	94.882	1.899.148
Útlán	16.298.927	17.763.366	18.901.353	19.703.499	13.495.341	9.496.939
Eignahlutir í félögum	1.046.095	1.054.191	1.031.819	1.064.417	1.464.472	1.475.269
Aðrar eignir	154.276	2.729.331	127.780	68.517	59.349	66.106
Eignir samtals	19.457.723	23.714.302	22.790.316	23.308.932	15.114.044	12.937.462
Skuldir og eigið fé						
Lántökur	18.203.850	22.438.604	22.780.294	21.661.349	12.935.327	10.780.826
Aðrar skuldir	115.609	145.778	128.779	103.046	97.428	84.116
Skuldir samtals	18.319.458	22.584.381	22.909.073	21.764.395	13.032.755	10.864.942
Eigið fé	1.138.265	1.129.921	-118.756	1.544.537	2.081.289	2.072.520
Skuldir og eigið fé samtals	19.457.723	23.714.302	22.790.319	23.308.932	15.114.044	12.937.462
Veittar ábyrgðir utan efnahagsreiknings	374.503	368.282	374.783	363.914	366.041	317.357
Sjóðstreymi						
Handbært fé frá rekstri	-2.103.648	522.028	447.902	1.018.910	217.121	-24.518
Fjárfestingarhreyfingar	2.535.693	-703.979	-664.964	-3.019.491	-1.870.818	-851.617
Fjármögnunarhreyfingar	-641.033	-123.133	473.928	2.573.931	-150.569	1.444.337
<i>Hækkun/(-lækkun) á handbæru fé</i>	<i>-208.988</i>	<i>-305.084</i>	<i>256.866</i>	<i>573.350</i>	<i>-1.804.266</i>	<i>568.202</i>
Handbært fé í ársbyrjun	2.167.413	2.472.498	2.472.498	1.899.148	1.899.148	1.330.946
Handbært fé í árslok	1.958.425	2.167.414	2.729.364	2.472.498	94.882	1.899.148
Eiginfjárlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki	5,18%	4,92%	-4,74%	2,80%	10,28%	14,15%